

Fundargerð

2. fundur byggingarnefndar Myllubakkaskóla haldinn að Tjarnargötu 12

27. október 2022 kl. 14:30

Viðstaddir: Friðjón Einarsson formaður, Guðmundur Björnsson, Grétar I. Guðlaugsson, Kjartan Már Kjartansson og Gissur Hans Þórðarson verkefnisstjóri frá OMR verkfræðistofu. Fundargerð ritaði Gissur Hans Þórðarson

* * *

1. Fundir og hlutverk nefndar

- Lagt er til að funda örar og setja á fasta fundartíma tvisvar í mánuði eða því sem næst, þar sem umfang nefndarinnar hefur verið aukið töluvert frá því að hún var sett á stofn.
- Farið var yfir hlutverk nefndar varðandi ákvarðanatöku og ráðgefandi úrlausnir á einstökum málum. Þar sem nefndin var upphaflega stofnuð í kringum Myllubakkaskóla, en nú hefur Holtaskóli bæst við og fleiri byggingar þar sem rakaskemmdir hafa komið upp, þarf að skilgreina hlutverkið betur.
- Lagt er til að sett verði upp rafrænt gagnasvæði fyrir nefndarmenn þar sem gögn verði vistuð og aðgengileg, í núverandi kerfi er einungis aðgangur fyrir starfsmenn Reykjanesbæjar. Svæðið getur einnig nýst fyrir verktaka, og tryggir að nýjustu gögn séu ávallt aðgengileg. Sett verður upp kerfi í tölvur nefndarmanna á næsta fundi.

2. Myllubakkaskóli

- Farið var yfir verkstöðu og næstu verk, það helsta er að búið er að steypa plötu í kjallara, gasa veggi að hluta, leggja nýja stofna fyrir heitt og kalt vatn. Farið yfir stöðu hönnunar þar sem áhersla er lögð á að klára hönnun á D álmu sem fyrst ásamt útlitsteikningu á gluggum. Næstu verk eru að styrkja burðarvirkið í kjallaranum áður en farið verður í frekari steypusögun á burðarvirki. Þar sem stofnar eru komnir inn í húsið er verið að fara í að loka skurðum að framanverðu.
- Áætlað er að fara í niðurrif á íþróttahúsi og tengibyggingu næsta sumar. Mikilvægt er að upplýsa íbúa í grennd um þær framkvæmdir sem eru framundan.
- Tryggja þarf að aðgangur að vinnusvæðinu sé ekki aðgengilegur utanaðkomandi og að girðingar sem afmarka vinnusvæðið séu tryggilega lokaðar eins og kostur er.
- Öryggis- og heilbrigðisáætlun sem gerð var fyrir Holtaskóla verði einnig gerð fyrir Myllubakkaskóla, fara þarf yfir hvort ekki þurfi að gera áhættumat fyrir einstaka verkþætti.
- Fara þarf yfir tryggingar á framkvæmdinni og fara yfir með byggingarfulltrúa skráningu á byggingarstjóra á verkið.
- Gerð var verðkönnun á niðurrfifi í D álmu og barst 1 tilboð, 6 verktakar fengu send gögn. Fram kom að gott væri að hafa verktíma á verkhlutum ekki of knappan þegar gerðar eru

verðkannanir þannig að það hamli því ekki að við fáum hagstæðustu verðin hverju sinni og að verktakar tækju þá frekar þátt.

- Huga þarf vel að efnisöflun í dag í ljósi þess að afgreiðslufrestir á einstaka efnum eru að lengjast.
- Hafa skal í huga að ekki sé aeskilegt að þiggja gjafir eða annað án þess að þekkja upprunann þannig að tryggt sé að ekki sé verið þiggja hluti sem gætu verið að koma úr mengandi umhverfi.

3. Holtaskóli

- Farið var yfir nýjustu niðurstöður sýna frá Mannviti þar sem greindist m.a. sýkt byggingarefni.
- Öryggis- og heilbrigðisáætlun samþykkt
- Eftir niðurstöður sýna var ákveðið að fara í frekari sýnatökur í öllum skólanum og er því lokið, er niðurstaðna að vænta innan 4-6 vikna, tekin voru kjarna- og ryksýni í samráði við Mannvit og er þetta umfangsmesta sýnataka sem hefur farið fram í einni byggingu hjá þeim.
- Endurbætur eru hafnar á þeim rýmum sem hefur verið lokað og sýkt byggingarefni fjarlægt.
- Samþykkt var að fá Arkís sem hönnuði að verkinu þannig að þegar uppbygging fer fram séu endurbætur til framtíðar og nýtist í heildarhönnun á húsnæðinu.

4. Aðrar byggingar

- Farið var yfir að rakavandamál væri í fleiri byggingum þar sem ýmist hefur greinst skemmt byggingarefni eða grunur er um það.
 - Öspin
 - Njarðvíkurskóli
 - 88 Húsið
 - Skólavegur 1
 - Gimli
 - Garðasel
- Óskað hefur verið eftir umsóknum um styrki úr sjóði Asks – mannvirkjasjóði sem er í eigu innviðaráðuneytis og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis en í umsjón HMS. Styrkir eru veittir m.a. til rannsókna og þróunar á byggingarefnum og fl., m.t.t. byggingargalla, raka og myglu. Ekkert sveitarfélag er í samstarfi við HMS eða hefur sótt eftir styrk úr sjóðnum enn sem komið er, HMS telur að samstarf við RNB væri góður og áhugaverður kostur sem gæti nýst vel og mundi sýna góða samfélagslega ábyrgð, verður farið betur yfir á næsta fundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:30.

Næsti fundur verður í ráðhúsi Reykjanesbæjar fimmtudaginn 3. nóvember kl. 14:30.